



Á fundi Fjölumdæmisstjórnar með fjölumdæmisráði 31. ágúst 2019, í Lionsheimilinu, Hlíðasmára 14, Kópavogi lagði Ellert Eggertsson, fjölumdæmisstjóri til við laganefnd, að gerðar yrðu breytingar á lögum fjölumdæmisins 109 á þann veg, að fjölumdæmisstjórn kæmi í stað umdæmisstjóraráðs og fjölumdæmisráðs stæði eins verið hefur.

Laganefnd hefur fallist á tillöguna og leggur til að lögnum verði breytt þannig:

Í enskum texta fjölumdæmis laga er „ **MULTIPLE DISTRICT COUNCIL OF GOVERNORS.**” sem hefur verið útlagt „Umdæmisstjóraráð” fjölumdæmisins. Í okkar fjölumdæmislögum höfðum við fram til fjölumdæmisþings 2017 notað nafnið Fjölumdæmisstjórn.

Þegar þingið 2017 samþykkti að formaður „ **MULTIPLE DISTRICT COUNCIL OF GOVERNORS CHAIRPERSON.**” yrði áfram nefndur Fjölumdæmisstjóri var það fullkomlega í samræmi við okkar rökhusun og máltilfinningu. Sömu rök styðja þessa breytingatillögu á fjölumdæmislögnum sem hér er lögð fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.

Council þýðir hvoru tveggja ráð eða stjórn, að vísu fellur með þessu niður að þýða Governors, en í 10. gr. laganna er skýrt hverjir skipi Fjölumdæmisstjórn sem eru: „...umdæmisstjórar umdæmanna í fjölumdæminu og einn núverandi eða fyrrverandi umdæmisstjóri, sem skal vera formaður og þar með Fjölumdæmisstjóri.

Með þessari breytingu verður nafnið „Umdæmisstjóraráð“ tekið út úr lögnum og Fjölumdæmisstjórn verði tekið inn eftir því sem við á.

Hugtökin Fjölumdæmisstjórn og Fjölumdæmisráð hafa verið notuð af Lionshreyfingunni á Íslandi frá upphafi og er notuð milli manna í hreyfingunni allt fram á daginn í dag.

Fylgiskjal með þessari tillögu er endurrit af lögum Fjölumdæmisins 109, sem hefur verið breytt eins og að ofan er lýst og innfærðar aðrar breytingar þ.e. orð, sem felld eru úr texta (meðlimir) og skylduuppfærsla í samræmi við ákvæði alþjóðalaga, sem hafa áhrif á þessi lög skv. 62. gr. fjölumdæmis laga, breytingin er í 45. gr. „annar“ verður „þriðji“

1. Umdæmisstjóraráð hefur verið fellt út og sjást engin merki um það.
2. Fjölumdæmisstjórn er tekin upp. (gulmerkt)
3. Fjölumdæmisráð er merkt með (grænu)
4. Meðlimir falli út (rautt)
5. Uppfærsla í 45. gr merkt (fjólublátt)

Birtist tillaga þessi á innri vef Lions þann 5. maí 2020 er hún rétt birt.

Ég vil að ákvæði Fjölumdæmis laga um lagabreytingar fylgi hér með :

## ***1. Kafli. Breytingar á lögum.***

### **■ 61. gr. Málsmeðferð varðandi breytingar á lögum þessum.**

Lögum þessum má einungis breyta á fjöllumdæmisþingi og verður breyting að vera samþykkt með tveimur þriðju hlutum (2/3) greiddra atkvæða.

### **■ 62. gr. Uppfærsla vegna breytinga á alþjóðalögum.**

Þegar breytingar á alþjóðalögum og viðaukum við þau eru samþykktar á alþjóðþingi, skulu allar breytingar, sem kynnu að hafa áhrif á fjöllumdæmisög þessi, uppfærðar við lok þingsins, sbr. b-liður 2. mgr. 21. gr. laganna.

### **■ 63. gr. Tilkynning.**

Ekki má greina frá neinni breytingu á lögum eða greiða atkvæði um hana nema breytingin hafa verið birt með bréfi í almennum pósti eða með rafrænum hætti hverjum klúbbi eigi minna en þrjátíu (30) dögum fyrir boðaðan setningardag árlegs þings, ásamt tilkynningu um að viðkomandi breyting verði borin undir atkvæði þingsins.

### **■ 64. gr. Gildistökudagur lagabreytinga.**

Sérhver breyting á lögum þessum skal taka gildi við lok þess þings þar sem hún var samþykkt, nema kveðið sé á um annað í breytingartillögunni sjálfri.

Reykjavík, 4. maí 2020

Gissur Júní Kristjánsson, formaður. Laganefndar sign.